



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 367

Anna Gísladóttir

(1906 – 1993)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 367

Anna Gísladóttir

Anna Gísladóttir var fædd í Stóradal í Svínavatnshreppi, Austur Húnavatnssýslu, þann 26. apríl árið 1906 og lést 27. desember 1993. Anna gekk í Kvennaskólann á Blönduósi.

Foreldrar hennar voru Katrín Grímsdóttir fædd 18. október 1875, dáið 13. september 1956 og Gísli Jónsson fæddur 18. janúar 1877, dáið 18. maí 1959. Þau bjuggu að Þórormstungu og Saurbæ í Vatnsdal.

Anna giftist 29. júní 1929 Jóhannesi Nordal Þorsteinssyni fæddur 18. október 1905 dáið 12. júní 1937. Jóhannes var fæddur að Eyjólfsstöðum í Vatnsdal, iðnrekandi í Reykjavík. Jóhannes gekk í bændaskólann á Hólum í Hjaltadal 1926-27.

Foreldrar Jóhannesar voru Þorsteinn Konráðsson fæddur 16. september 1873, dáið 9. október 1959 og kona hans Margrét Oddný Jónasdóttir fædd 11. október 1879.

Jóhannes var meðeigandi í Körfugerðinni á móti Þorsteini Bjarnasyni, Jónssonar frá Vog. Þeir unnu báðir að ýmsum velferðarmálum blindra og sjónskertra. Anna og Jóhannes fluttu til Reykjavíkur 1930.

Eftir lát manns síns vann Anna ýmis störf utan heimilis t.d. um margra ára skeið í Laugavegs apóteki, á tannlæknastofu og síðast með systur sinni Ingibjörgu í mótuneyti Stjórnarráðsins.

Dætur Önnu og Jóhannesar eru: Aðalheiður fædd 9. febrúar 1931 og Jóhanna fædd 28. nóvember 1937.

Skjalaskrá

Askja 1

Hjónavígslu bréf Önnu og Jóhannesar dagsett 26. júní 1929.

Bréf með upplýsingum um ævi Önnu.

Ljóð sem Önnu og Jóhannesi var fært á brúðkaupsdaginn eftir Kristján Sigurðsson, kennara.

Bréf frá Salóme Gísladóttur systur Önnu, dagsett 1. júní 1932.

Kaupsamningur dagsettur 9. júní 1945, þegar Anna kaupir íbúð að Njálsgötu 86 í Reykjavík.

Veðskuldabréf, uppgreitt 21. október 1954.

Myndir frá húskveðju við andlát Jóhannesar Nordals Þorsteinssonar 1937.

Samúðarskeyti vegna andláts Jóhannesar 1937.

Bréf sem Anna fékk send vegna andláts Jóhannesar frá Helgu Jónsdóttur dagsett 15. júní 1937, Birni Bergmann dagsett 12. júní 1937 og Kristjáni Sigurðssyni dagsett 16. júní 1937.

Bréf 3. júlí 1937 um leyfi til Önnu að sitja í óskiptu búi.

Rithönd Önnu.

Bréf frá Margréti tengdamóður Önnu, dagsett 13. júní 1938.

Bréf dagsett 5. júní 1941 til Lögbirtingarblaðsins.

Bréf dagsett 22. desember 1945 frá Steinu samstarfsskonu í Laugavegs apóteki.

Bréf frá Ástu M Bjarnadóttur árið 1946.

Bréf dagsett 16. júlí 1950 frá Jóhönnu dóttur Önnu.

Bréf frá Salóme Gísladóttur systir Önnu dagsett í Árósum 27. febrúar 1959.

Bréf dagsett 9. mars 1960 frá Borgarfógetanum í Reykjavík varðandi Körfugerðina vegna dánabús Jóhannesar Þorsteinssonar og bréf dagsett 15. mars 1960 varðandi stöðu dánabús Jóhannesar Þorsteinssonar við Körfugerðina.

Bréf dagsett 20. febrúar 1962 frá hreppsnefnd Áshrepps, undirritað af Grími Gíslasyni oddvita.

Listi yfir gjafir á fimmtugsafmæli Önnu.

Tvö skeyti frá dætrum Önnu.

Bréf sem Anna skrifar til barna sinna dagsett 2. maí 1971.

Bréf dagsett 30. apríl 2008, sem er undirritað af Jóhönnu dóttur Önnu er varðar afhendingu skjala úr fórum móður sinnar.

*Skráð í maí 2008 af,
Bergþóru Annasdóttur*